

Retec Group, Inc.

External Environment Monitoring Baseline Survey Fjarðaál Smelter Project.

Mach 2006.

Útdráttur á íslensku

Rannsóknir á ytra umhverfi og grunnástandi var gerð til að meta áhrif sem búast má við af völdum útblástursfrá álveri Fjarðaáls í Reyðarfirði, Fjarðabyggð á Íslandi. Markmið þessara grunnrannsókna var að safn gögnum fyrir gangsetningu álversins sem lýstu stöðu þeirra efna, bæði náttúrulegra og af mannavöldum, á svæðinu sem síðar gætu verið tengd útblæstri frá álverinu. Nákvæmt og næmt prófunarferli var sett upp til að meta grunnástand jarðvegs, yfirborðsvatns, gróðurs og búpenings. Grunnrannsóknirnar fólu í sér söfnun á snjó-, jarðvegs- og gróðursýnum til greiningar mengunarefna, sem almennt eru tengd álbræðslu. Til viðbótar var fóselt í rannsóknunum lýsing á gróðurþekju og tegundasamsetningu plantna á 150 stöðum, könnun á ummerkjum um gróðursjúkdóma og álag sem hægt væri að rugla saman við snertingu við mengunarefni eftir að starfsemi álvers er hafin.

Eftirfarandi skýrsla sem unnin er af The RETEC Group, Inc. (RETEC) sýnir niðurstöður vettvangskonunnar á heilsufari gróðurs og merkjum um gróðursjúkdóma sem þegar kynnu að vera til staðar, og niðurstöður úr greiningum sem gerðar voru í tilraunastofu á snjó-, jarðvegs-, vatns- og gróðursýnum sem tekin voru af rannsóknarsvæðinu. Nákvæma lýsingu á rannsóknarsvæðinu og þeim aðferðum sem notaðar voru, þ.m.t. lýsing grunnástands á gróðurþekju og samsetningu plöntusamfélögum, er að finna í annarri skýrslu frá Náttúrustofu Austurlands.